



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 135/923
komudagur 12.12.2007

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Með bréfi 28. nóvember 2007 var Dómstólaráði sent framangreint frumvarp til umsagnar. Hefur ráðið fjallað um frumvarpið.

Dómstólaráð styður tillögur um að hugað verði að einkaréttarlegum bótakröfum sem teknar hafa verið upp í ákæru með það að markmiði að dómstólar skeri í auknum mæli úr um bótakröfurnar. Eins og kunnugt er hefur dómsmálaráðherra nýverið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um meðferð sakamála. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að gerðar verði yfirgripsmiklar og gagngerar breytingar á gildandi ákvæðum um einkaréttarkröfur á hendur sakborningi vegna refsiverðrar háttsemi hans. Er þar m.a. kveðið á um atriði sem ekki er tekið á í þessu frumvarpi en myndu leiða af sér vandkvæði í réttarframkvæmd ef lögum yrði einungis breytt á þann hátt sem frumvarp þetta mælir fyrir um. Að mati Dómstólaráðs þykir rétt að þetta skref verði stigið til fulls þegar breytingar verða gerðar á þessum ákvæðum, en nokkurt óhagræði fylgir því að á skömmum tíma sé ítrekað verið að gera breytingar á sömu málsmeðferðarreglum réttarfarslaga, auk þess sem kröfuhafar kunna að vera í óvissu um réttarstöðu sína af þeim ástæðum. Leggur Dómstólaráð því til að beðið verði afgreiðslu frumvarps til laga um sakamál varðandi endurskoðun á reglum um einkaréttarlegar kröfur í sakamálum.

F.h. Dómstólaráðs

Símon Sigvaldason

formaður